



Fundargerð

Fundur í Stjórn Barmahlíðar

mánudaginn 24.08.18 kl. 14:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt voru: Árný Huld Haraldsdóttir, Karl Kristjánsson og Jóhanna Ösp Einarsdóttir í forföllum Emblu Dögg Bachmann. Einnig sátu fundinn Helga Garðarsdóttir hjúkrunarforstjóri og Ingimar Ingimarsson oddviti sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 1 bls. rituð á tölvu.

Karl Kristjánsson sem aldursforseti setti fundinn og bauð fólk velkomið á fyrsta fund nefndarinnar á kjörtímabilinu. Karl spurði eftir öðrum málum, engin mál bárust, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1407010 - Kosning formanns og varaformanns nefndarinnar.

*Tillaga lögð fram um Embla Dögg Jóhannsdóttir Bachman sem formann nefndarinnar og Karl Kristjánsson sem varaformann nefndarinnar.
Tillögurnar samþykktar samhljóða.*

Ný kjörin varaformaður tók við fundarstjórn.

2. Ráðning Hjúkrunarforstjóra

Farið yfir umsóknir. Stefnt verði á að klára ráðningu hið fyrsta.

3. Skýrsla Hjúkrunarforstjóra

*Hjúkrunarforstjóri fór yfir málefni Barmahlíðar.
Stjórn Barmahlíðar notaði tækifærið til að þakka Helgu Garðarsdóttir vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.*

4. Leiga á íbúð á efri hæð Barmahlíðar

Hjúkrunarforstjóri tilkynnti að íbúð á efri hæð Barmahlíðar væri komin í leigu til starfsmanns Barmahlíðar. Stjórnin fagnar því.

Önnur mál: Voru engin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 14:50
